

Murtex Waterproof

Vatnsfæla



Efnislýsing

Murtex Waterproof er vatnsfæla af gerðinni sílan/síloxan í forni þykkis sem skal þynna með vatni fyrir notkun. Sílan/síloxanefnið hrindir frá sér óhreinindum og veitir vatnsvörn en hleypir engu að síður raka út úr múrnum. Murtex Waterproof notast á steypa fleti, þússaða og óþússaða, og múrsteinsveggi. Einnig má efnið standa eitt og sér á sjónsteypu, steiningar- og skeljasandsklæðningum o.fl.



Meðhöndlun

Flötur skal vera vandlega hreinsaður og mikilvægt að hann sé vel bundinn og harðnaður og laus við smit. Murtex Waterproof skal þynna í hlutfallinu 1:9 með vatni. Blandan er borin ríkulega á flötinn uns hans mettast og ef þörf er á fleiri en einni umferð. Þá er best að láta fyrri umferð þorna yfir nótt áður en sú seinni er borin á. Málið síðan yfir daginn eftir með viðeigandi útimálningu.

Berið aldrei á ef hiti er undir 5°C eða ef rakastig fer yfir 80%. Eftir íblöndun með vatni skal nota blönduna innan 24 klst.

Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta brúsann standa opinn meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella málningarleifum og hreinsiefnum í niðurföll. Tómum umbúðum og hreinsiefnaleifum skal skila til endurvinnslustöðva. Sjá frekari upplýsingar öryggisblaði.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Sílan/Síloxan

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 1 klst.

Yfirmálun: 16 klst.

Hiti við málun: Lágmark +5°C, hámark +25°C

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, málningsprautur

Þekja: 2-4 fermetrar pr. lítra

Pakkningar: 10 lítra fötur